Jafnframt eru úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmálefna á Seyðisfirði staðfest 20. febrúar 1930, fundarsköp bæjarstjórnarinnar í Seyðisfjarðarkaupstað staðfest sama dag, og samþykkt um bæjarráð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað nr. 229 20. desember 1963.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

28. marz 1968. Nr. 109.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Austur Landeyjahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Austur Landeyjahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu, og sölu vatns í Austur Landeyjahreppi.

2. gr.

Hreppsnefnd Austur Landeyja hefur á hendi stjórn vatnsveitunnar, en nefndin getur kosið eða ráðið 1 eða fleiri menn til að annast rekstur veitunnar.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um allar Austur Landeyjar, þannig að hver vatnsnotandi hafi greiðan aðgang að tengja við veituna í mest 10 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi eða öðru húsi þess í stað, frá þeirri tengingu skal hver vatnsnotandi leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar. Skylt er húseiganda eða landeiganda að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki hreppsnefndar, og með þeim útbúnaði, sem hún telur tryggan.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið mælingu á vatnsnotkun, ef þörf þykir. Kostnaður sá, sem af því hlýzt, greiðist af vatnsnotanda. Þá getur nefndin látið loka fyrir vatnið vegna viðgerða á vatnsæðum, slíka lokun skal tilkynna fyrirfram ef tök eru á, fullan vatnsskatt ber að greiða þó slík lokun fari fram.

6. gr.

Heimilt er að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum tíma.

7. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa umferð á landi sínu vegna vatnsveitunnar, bæði vegna lagningar og viðhalds. Hver sá, er veldur spjöllum á vatnsveitunni er skyldur að greiða fullar bætur.

8. gr.

Hreppsnefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerða. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því. Ella er hreppsnefnd heimilt að láta gera við það á hans kostnað.

9. gr.

Hver bóndi, íbúðareigandi, eða annar sjálfstæður vatnsnotandi skal greiða stofngjald kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund krónur —, og skal greiða gjaldið að hálfu með pöntun vatnsæðar, og seinni helminginn um leið og tenging við aðalæð fer fram.

10. gr.

Vatnsskatt ber að greiða til vatnsveitu Austur Landeyjahrepps af öllum fasteignum í Austur Landeyjahreppi, af fasteignamatsverði lands 3% og af fasteignamatsverði húsa 1% á ári. Eigandi hverrar eignar ábyrgist greiðslu vatnsskatts, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti þessum nemur. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka vatnsskatt fyrir eitt ár í senn um allt að 50%.

11. gr.

Reiknings vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjalddagi vatnsskatts skal vera 1. júlí og greiðist skatturinn í einu lagi fyrir liðið ár. Greiðist vatnsskattur ekki á réttum gjalddaga falla á hann dráttarvextir. Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000 00 nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Austur-Landeyjahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. marz 1968.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.